

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Aðgengissjóð Reykjavíkur.

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Aðgengissjóður Reykjavíkur. Stofnunin starfar skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Markmið stofnunarinnar er að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitinga-húsum í Reykjavík. Stofnunin styrkir aðila til að koma upp römpum eða annars konar lausnum við innganga sína í Reykjavík og tryggja þannig að fólk með hreyfihömlun hafi aðgengi að þeirri þjónustu sem þar stendur til boða. Slíkar lausnir mega þó aldrei verða til þess að hindra aðgengi annarra hópa fatlaðs fólks.

3. gr.

Stofnfé stofnunarinnar eru framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og opinberra aðila sem vilja leggja sitt af mörkum til þess að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra í Reykjavík.

Heildarstofnframlag stofnenda er kr. 55.500.000, sem sundurliðast svo:

Stofnframlag Aton ehf., kt. 580215-0110, er kr. 4.000.000 í formi vinnuframlags.

Stofnframlag Brandenburg ehf., kt. 490112-1540, er kr. 4.500.000 í formi vinnuframlags.

Stofnframlag Byko ehf., kt. 560207-1150, er kr. 5.000.000 í formi úttektar.

Stofnframlag Deloitte, kt. 521098-2449, er kr. 3.000.000 í formi vinnu.

Stofnframlag félagsmálaráðuneytis f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, kt. 581219-1480, er kr. 2.000.000 í peningum.

Stofnframlag forsætisráðuneytis, f.h. Stjórnarráðs Íslands kt. 550169-1269 er kr. 3.000.000 í peningum.

Stofnframlag Haga hf., kt. 670203-2120, er kr. 2.000.000 í peningum.

Stofnframlag Jakobs Frímans Magnússonar, kt. 040553-3989, er kr. 1.000.000 í formi vinnu.

Stofnframlag Kvikubanka hf., kt. 540502-2930, er kr. 5.000.000 í peningum.

Stofnframlag Íslenskra aðalverktaka hf., kt. 660169-2379, er kr. 1.000.000, þ.e. kr. 500.000 í formi vinnuframlags og kr. 500.000 með efnisframlagi.

Stofnframlag Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, er kr. 3.000.000 í peningum.

Stofnframlag Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, er kr. 5.000.000 í peningum.

Stofnframlag Regins hf., kt. 630109-1080, er kr. 5.000.000 í peningum.

Stofnframlag Sjálfsbjargar, kt. 570269-2169, er kr. 1.000.000 í peningum.

Stofnframlag UENO, kt. 430214-0120, er kr. 5.000.000 í peningum.

Stofnframlag Öryrkjabandalags Íslands, kt. 631292-2599, er kr. 1.000.000 í peningum.

Stofnframlag Össurar ehf., kt. 671106-0670, er kr. 5.000.000 í peningum.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana og opinberra aðila til verkefnisins. Heimilt er að verja vaxtatekjum og verðbótum til styrkveitinga og reksturs stofnunarinnar.

Eina milljón af stofnfé, auk verðbóta, má ekki skerða, en vöxtum, gjöfum, áheitum og öðrum gjöfum sem stofnuninni kann að áskotnast, skal varið í samræmi við tilgang hennar samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram eins fljótt og kostur er eftir að stjórn hefur samþykkt umsókn.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur aðilum og þremur til vara. Stjórnin skal skipuð til eins árs í senn. Haraldur Ingi Þorleifsson tilnefnið einn stjórnarmann og annan til vara, Reykjavíkurborg tilnefnið einn stjórnarmann og annan til vara og Sjálfsbjörg, landssamband hreyfihamlaðra, tilnefnið einn stjórnarmann og annan til vara. Gengið skal frá skipun fyrstu stjórnar stofnunarinnar á stofnfundi. Með stofnuninni starfar starfsmaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, ritari, sem jafnframt skal vera varaformaður, og gjaldkeri. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

9. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

10. gr.

Skipulagsskrá stofnunarinnar verður ekki breytt eða stofnunin lögð niður nema með samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Verði stofnunin lögð niður skulu hreinar eignir hennar renna til Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra.

11. gr.

Þar sem ákvæði skipulagsskrár þessarar ná ekki til hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

12. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 30. júní 2021.

Birna Ágústsdóttir.

Auður Steingrimsdóttir.